

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2017

Guðmundur Jóhannesson

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2017. Hér verður gefið yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gerð grein fyrir öðrum niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 34 naut í árgangi 2017. Tólf naut áttu syni í þessum árgangi. Flesta syni átti Úranus 10081 eða 8 talsins, Úlli 10089 átti sex syni, Lúður 10067 átti fimm syni, Bolti 09021 átti þrjá syni, Þytur 09078, Gustur 09003, Blámi 07058 og Dropi 10077 áttu tvo syni hver og loks áttu Keipur 07054, Blómi 08017, Klettur 08030 og Strákur 10011 hver sinn soninn. Einkenni þessa nautaárgangs er breytileiki í flestum eiginleikum en þó verða afurðageta og mjaltir teljast koma vel út í heildina. Veikleiki árgangsins liggur tvímælalaust í spenagerð. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera.

Hér fylgja umsgagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna:

Balti 17002 frá Eyði-Sandvík, Flóa.

F: Þytur 09078, m: Von 1122, mf: Toppur 07046

Dætur Balta eru fremur mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru neðan meðallags, sérstaklega hlutfall fitu. Þetta eru meðalstórar kýr, í meðallagi háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar en með sterka yfirlínu. Malirnar eru breiðar, hallandi og fremur þaklaga. Fótstaða er sterkleg og ágætlega gleið. Júgur eru veikbyggð, júgurfasta slök og þau ekki nógu vel borin þó júgurband sé áberandi. Spenar eru fremur stuttir og grannir og eilítið gleitt settir. Mjaltir eru meðalgóðar og mjlatagallar lítt áberandi. Skapið er í góðu meðallagi og fáir skapgallaðir gripir í hópnum. Í gæðaröð koma þessar kýr prýðilega út. Mikill meirihluti afkvæma Balta er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum lit. Af grunnlitum koma rauðir og bröndóttir litir oftast fyrir þó alla liti megi sjá. Undan Balta geta komið hyrndir gripir.

Balti verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Ormur 17003 frá Egilsstöðum, Völlum.

F: Þytur 09078, m: Flicka 1126, mf: Hnútur 1575801-0952

Dætur Orms eru mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru nokkuð lág. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldjúpar en útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er nokkuð sterkleg en þröng. Júgurgerð er afleit, júgurfasta mjög lítil og júgrin illa borin þó júgurband sé ágætlega áberandi. Spenar eru hæfilegir að lengd, þykkir og ákaflega utarlega settir. Dætur Orms eru undir meðallagi í mjöltum og aðeins ber á sein- og mismjöltum. Skapið er neðan meðallag, ekki ber á skapgölluðum gripum og kýrnar koma prýðilega út í gæðaröð. Tæpur helmingur afkvæma Orms er tvílitur þar sem skjöldóttur litur er algengastur. Af grunnlitum eru rauðir litir langalgengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Ormi geta komið hyrndir gripir.

Ormur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Flötur 17005 frá Hallandi, Svalbarðsströnd.

F: Bolti 09021, m: Steina 934, mf: Bambi 08049

Dætur Flatar eru í meðallagi mjólkurlagnar með fituhlutfall yfir meðallagi en próteinhlutfall undir meðaltali. Þetta eru frekar stórar og háfættar kýr, með mikla boldýpt og útlögur og sterka yfirlínu.

Malirnar eru breiðar, beinar og nokkuð þaklaga. Fótstaða er sterkleg en eilítið þröng. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurband vel greinilegt, festa í meðallagi og þau ekki nógu vel borin. Spenar eru í lengri og þykkari kantinum og ágætlega settir. Mjaltir eru góðar en aðeins ber á seinum mjöltum. Skap er slæmt, um fimmtungur kúnna skapgallður og þær koma sæmilega út í gæðaröð. Um helmingur afkvæma Flatar er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum lit. Af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Fleti geta komið hyrndir gripir.

Flötur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Lord 17008 frá Seljavöllum, Hornafirði.

F: Bolti 09021, m: Díana 713, mf: Kambur 06022

Dætur Lords eru mjólkurlagnar kýr en hlutföll verðefna í mjólk eru undir meðallagi. Þetta eru frekar stórar kýr og háfættar, í meðallagi boldjúpar, útlögugóðar með sterka yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband áberandi, festa mikil og þau mjög vel borin. Spenar eru hæfilegir að lengd og þykkt og vel settir. Mjaltir eru undir meðallagi og fyrir koma seinmjólka kýr. Skap þessara kúa fremur slakt og aðeins ber á skapgölluðum gripum. Tæplega þriðjungur afkvæma Lords er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Lord geta komið hyrndir gripir.

Lord verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Ofnir 17010 frá Hallandi, Svalbarðsströnd.

F: Gustur 09003, m: Saga 1000, mf: Glæðir 02001

Dætur Ofnis eru litlar afurðakýr, mjólkurmagn lítið, fituhlutfall í mjólk neðan meðallags en próteinhlutfall nærri meðallagi. Þetta eru fremur smáar kýr, bolgrunnar, útlögulitlar með nokkuð sterka yfirlínu og meðalháfættar. Malirnar eru heldur grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er eilítið hokin og þröng. Júgurgerð er í meðallagi, júgurband ekki áberandi, festa í meðallagi og þau meðalvel borin. Spenar eru langir, fremur grannir og nokkuð gleitt settir. Mjaltir eru undir meðallagi og aðeins ber á sein- og mismjöltum. Skap þessara kúa er meðalgott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Rúmlega helmingur afkvæma Ofnis er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Ofni geta komið hyrndir gripir.

Ofnir verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Hnútur 17011 frá Hvanneyri, Andakíl.

F: Keipur 07054, m: Snurða 1716, mf: Apolló 12042

Dætur Hnúts eru góðar mjólkurkýr og fituhlutfall í mjólk er í meðallagi en próteinhlutfallið fremur lágt. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr með mikla boldýpt, meðalútlögur og mjög sterka yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, mjög hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er afleit, júgurband ógreinilegt, festa mjög lítil og júgurdýpt mikil. Spenar eru nokkuð stuttir, grannir og gleitt settir. Mjaltir eru í meðallagi og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er meðalgott en aðeins er um skapgallaða gripi í hópnum. Um helmingur afkvæma Hnúts er einlitur og af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Af tvílutum ber mest á hífóttum. Ekki er þekkt að Hnútur gefi hyrnd afkvæmi.

Hnútur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kopar 17014 frá Stóru-Tjörnum, Ljósavatnsskraði.

F: Blámi 07058, m: Búvís 555, mf: Baldi 06010

Dætur Kopars eru prýðilega mjólkurlagnar, fituhlutfall í mjólk er um meðaltal og próteinhlutfallið þar yfir. Þetta eru stórar kýr, aðeins lágfættar, boldjúpar og útlögumiklar meðaðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, nokkuð beinar og fremur flatar. Fótstaða er hokin og þröng. Júgurgerðin er slök, júgurband ekki áberandi, festa undir meðallagi og júgurdýpt mikil. Spenar eru frekar langir, hæfilega þykkir og ágætlega settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er yfir meðallagi, skapgallaðar kýr fáar og þær koma vel út í gæðaröð. Tæplega þriðjungur afkvæma Kopars er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Kopar geta komið hyrndir gripir.

Kopar verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Flýtir 17016 frá Efstu-Grund, Eyjafjöllum.

F: Gustur 09003, m: Rjóð 524, mf: Starri 1637591-0455

Dætur Flýtis eru mjólkurlagnar kýr með hátt fituhlutfall í mjólk en próteinhlutfall í meðallagi. Þetta eru fremur smáar og lágfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er sterkleg en frekar þröng. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurband þokkalega áberandi, festa undir meðallagi og júgurdýpt í meðallagi. Spenar eru stuttir, grannir og ágætlega settir. Mjaltir eru mjög góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er gott og fáar kýr skapgallaðar. Innan við fimmtungur afkvæma Flýtis er tvílitur þar sem mest ber á sokkóttum og huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Flýti geta komið hyrndir gripir.

Flýtir verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Tinni 17018 frá Litla-Dunhaga 1, Hörgárdal.

F: Blómi 08017, m: Snilld 428, mf: Stássi 04024

Dætur Tinna eru í meðallagi mjólkurlagnar kýr með fituhlutfall í mjólk um meðallag en próteinhlutfall nokkru hærra. Þetta eru meðalstórar kýr, í meðallagi háfættar, boldjúpar með meðalútlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er í meðallagi sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er fremur góð, júgurband ekki áberandi en festa mikil og prýðilega borin. Spenar eru grófgerðir, langir og þykkir en vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og aðeins ber á sein- og mismjöltum. Skap þessara kúa er í tæpu meðallagi og skapgallaðir gripir ekki algengir. Tæplega helmingur afkvæma Tinna er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir og svartir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Tinna geta komið hyrndir gripir.

Tinni verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Röðull 17019 frá Sólvangi, Fnjóskadal.

F: Blámi 07058, m: Gullbrá 468, mf: Lúður 10067

Dætur Röðuls eru litlar afurðakýr þar sem mjólkurmagn er nokkuð undir meðallagi og efnahlutföll í mjólk í tæpu meðallagi. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með mjög veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og ágætlega gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurband greinilegt, festa mikil og þau vel borin. Spenar eru langir og þykkir

og gleitt settir. Mjaltir eru nokkuð góðar en aðeins ber á mismjöltum. Skap þessara kúa er undir meðallagi en ekki er mikið um skapgallaðar kýr. Rúmlega fjórðungur afkvæma Röðuls er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Röðli geta komið hyrndir gripir.

Röðull verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Stæll 17022 frá Hnjúki, Vatnsdal.

F: Bolti 09021, m: Gjóla 356, mf: Vindill 05028

Dætur Stæls eru miklar mjólkurkýr og fituhlutfall í mjólk er um meðallag en próteinhlutfall heldur lægra. Þetta eru stórar og mjög háfættar kýr, boldjúpar og frekar útlögumiklar með nokkuð sterka yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er í meðallagi sterkleg en þröng. Júgurgerðin er slök, júgurband nokkuð áberandi en festa lítil og júgurdýpt mikil. Spenar eru fremur stuttir og þykkir og mjög gleitt settir. Mjaltir eru mjög góðar en aðeins ber á mismjöltum. Skap þessara kúa er undir meðallagi þó skapgallaðir gripir séu fáir í hópnum. Tæplega helmingur afkvæma Stæls er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Stæll gefi hyrnd afkvæmi.

Stæll verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Próttur 17023 frá Ósi, Hvalfjarðarsveit.

F: Klettur 08030, m: Gunnfríður 528, mf: Þræll 09068

Dætur Próttar eru miklar mjólkurkýr en hlutföll verðefna í mjólk eru lág, sérstaklega hlutfall próteins. Þetta eru stórar og í meðallagi háfættar kýr, boldjúpar og sérlega útlögumiklar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er í meðallagi sterkleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurband ekki áberandi, festa nokkuð góð en júgurdýpt fullmikil. Spenar eru hæfilega langir, aðeins þykkir en mjög vel settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er meðalgott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Tæplega helmingur afkvæma Próttar er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Prótti geta komið hyrndir gripir.

Próttur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Jötunn 17026 frá Hvanneyri, Andakíl.

F: Úlli 10089, m: Skuld 1539, mf: Aðall 02039

Dætur Jötuns eru mjög mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru um eða rétt yfir meðallagi. Þetta eru fremur stórar og nokkuð háfættar kýr, í meðallagi boldjúpar og útlögulitlar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurfasta í meðallagi, júgurband nokkuð greinilegt og júgurdýpt fullmikil. Spenar eru mjög langir og þykkir en nokkuð vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og mjaltagallar fátíðir. Skapið er mjög gott og skapgallar sjaldséðir. Mjög mikill meirihluti afkvæma Jötuns er tvílitur þar sem nokkra fjölbreytni er að finna og mikið ber á húfóttum, krossóttum, huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Jötni geta komið hyrndir gripir.

Jötunn verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Hjalli 17027 frá Hranastöðum, Eyjafirði.

F: Úranus 10081, m: Jolla 751, mf: Kambur 06022

Dætur Hjalla eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar kýr og hlutfall fitu í mjólk er í meðallagi en próteinhlutfall neðan þess. Þetta eru stórar og fremur háfættar kýr, boldjúpar og mjög útlögumiklar með sterka yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er aðeins veik og þröng. Júgurgerðin er góð, júgurband mjög greinilegt, fest í góðu meðallagi og júgrin vel borin. Spenar eru grófgerðir, mjög langir og þykkir og mjög gleitt settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er mjög gott og skapgallar hverfandi. Mjög mikill meirihluti afkvæma Hjalla er tvílitur þar sem nokkra fjölbreytni er að finna og mikið ber á húfóttum, krossóttum, huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir, bröndóttir og kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Hjalli gefi hyrnda gripi.

Hjalli verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Skans 17028 frá Brúnastöðum, Flóa.

F: Úranus 10081, m: Glitrós 848, mf: Koli 06003

Dætur Skans eru í tæpu meðallagi mjólkurlagnar kýr en hlutföll verðefna í mjólk eru há, sérstakleg hlutfall fitu. Þetta eru frekar stórar og í meðallagi háfættar kýr, boldjúpar með góðar útlögur og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er nokkuð sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurband sérlega áberandi, festa góð og júgrin vel borin. Spenar eru hæfilegir að lengd og þykkt en eilítið gleitt settir. Mjaltir eru góðar og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er mjög gott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Rúmlega helmingur afkvæma Skans er tvílitur þar sem mest ber á húfóttum og krossóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Skans geta komið hyrndir gripir.

Skans verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Geisli 17029 frá Ásum, Eystrihrepp.

F: Úranus 10081, m: Geisla 723, mf: Frami 05034

Dætur Geisla eru miklar mjólkurkýr hvað magn varðar og hlutfall fitu í mjólk er í meðallagi en hlutfall próteins nokkru lægra. Þetta eru fremur stórar og í meðallagi háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með sterka yfirlínu. Malirnar eru nokkuð breiðar, beinar og frekar þaklaga. Fótstaða er veik og þröng. Júgurgerðin er mjög slök, júgurband nokkuð áberandi en festa mjög lítil og júgurdýpt mikil. Spenar eru hæfilega langir, aðeins þykkir en ákaflega gleitt settir. Mjaltir eru góðar en aðeins ber á sein- og mismjöltum. Skap þessara kúa er undir meðallagi en skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Mikill meirihluti afkvæma Geisla er tvílitur þar sem mest ber á húfóttum og krossóttum litum þó einnig sé töluvert um huppótta eða skjöldótta gripi. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Geisla geta komið hyrndir gripir.

Geisli verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Lói 17030 frá Stúfholti, Holtum.

F: Lúður 10067, m: Bambaló 358, mf: Bambi 08049

Dætur Lóa eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar og hlutföll verðefna í mjólk eru yfir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr með ágæta boldýpt og útlögur en aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er sterkleg og mjög gleið. Júgurgerðin er fremur slök

og þau ekki nógu vel borin. Spenar eru grófgerðir, langir og þykkir, en ágætlega settir. Mjaltir eru góðar og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er gott og ekki ber á skapgölluðum gripum. Rúmlega tveir þriðju hlutar afkvæma Lóa er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir langalgengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Lóa geta komið hyrndir gripir.

Lói verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Búkki 17031 frá Lundi, Lundarreykjadal.

F: Dropi 10077, m: Salka 1339141-0266, mf: Bolti 09021

Dætur Búkka eru mjólkurlagnar og hlutfall verðefna í mjólk er hátt. Þetta eru frekar stórar og háfættar kýr, í meðallagi boldjúpar og frekar útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en eilítið þröng. Júgurgerðin er úrvalsgóð, mikil festa og þau vel borin áberandi júgurband. Spenar eru fremur stuttir og grannir en vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og aðeins ber á seinmjalta gripum. Skap þessara kúa er mjög gott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Meirihluti afkvæma Búkka er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Búkka geta komið hyrndir gripir.

Búkki verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Ós 17034 frá Espihóli, Eyjafirði.

F: Úlli 10089, m: 921, mf: Kambur 06022

Dætur Óss eru ákaflega mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru lág. Þetta eru meðalstórar og í meðallagi háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og nokkuð þaklaga. Fótstaða er mjög sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband mjög áberandi, festa mikil og þau vel borin. Spenar eru hæfilega langir, frekar grannir og vel settir. Mjaltir eru góðar og ákaflega lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er gott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Nálægt helmingur afkvæma Óss er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum lit. Af grunnlitum eru bröndóttir og kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Ós gefi hyrnd afkvæmi.

Ós verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Títan 17036 frá Káranesi, Kjós.

F: Úranus 10081, m: Súra 651, mf: Dynjandi 06024

Dætur Títans eru mjólkurlagnar og hlutföll verðefna í mjólk eru um meðallag. Þetta eru meðalstórar og háfættar kýr, með boldýpt og útlögur í meðallagi og nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð þaklaga. Fótstaða er sterkleg en þröng. Júgurgerðin er mjög góð, júgurband áberandi, festa mikil og þau vel borin. Spenar eru nokkuð hæfilegir að lengd og þykkt og vel settir. Mjaltir eru frábærar og ákaflega lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er gott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Meirihluti afkvæma Títans er einlitur þar sem mest ber á bröndóttum og kolóttum litum. Af tvílitum eru huppóttur og skjöldóttur algengastir. Ekki er þekkt að Títan gefi hyrnd afkvæmi.

Títan verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Jaxl 17037 frá Hvammi, Galmatrönd.

F: Lúður 10067, m: Alex 911, mf: Vindill 05028

Dætur Jaxls eru mjólkurlagnar kýr og hlutfall verðefna í mjólk er hátt. Þetta eru stórar og nokkuð háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með fremur beina yfirlínu. Malirnar eru breiðar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaðan er bein en þröng. Júgurgerðin er slök og þau ekki nógu vel borin. Spenar eru hæfilega langir en þykkir og gleitt settir. Mjaltir eru undir meðallagi þó mjaltagallar séu ekki áberandi. Skapið er gott og kýrnar koma ágætlega út í gæðaröðun. Mikill meirihluti afkvæma Jaxls er tvílitur og þar ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir mest áberandi þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Jaxl gefi hyrnd afkvæmi.

Jaxl verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Koti 17038 frá Gaulverjabæ, Flóa.

F: Úranus 10081, m: Kota 449, mf: Dropi 10077

Dætur Kota eru meðalmjólkurkýr þar sem hlutfall verðefna í mjólk er yfir meðallagi. Þetta eru stórar og fremur háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er meðalgóð en júgrin ágætlega borin. Spenar eru stuttir, grannir og gleitt settir. Mjaltir eru mjög góðar og gallar í mjöltum fátíðir. Skap þessara kúa er afleitt og töluvert um skapgallaða gripri í hópnum. Um tveir þriðju hlutar afkvæma Kota er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Kota geta komið hyrndir gripir.

Koti verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Trompet 17040 frá Svertingsstöðum 2, Eyjafirði.

F: Lúður 10067, m: Silgja 713, mf: Laufás 08003

Dætur Trompets eru í meðallagi mjólkurlagnar með hlutfall fitu í mjólk á meðaltali en hlutfall próteins sérlega hátt. Þetta eru stórar og háfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og þaklaga. Fótstaða er frekar bein en þröng. Júgurgerðin er slök, festa lítil, júgurband ógreinilegt og þau ekki nægilega vel borin. Spenar eru hæfilegir að lengd og þykkt en mjög gleitt settir. Mjaltir eru sérlega góðar og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er í meðallagi og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Tæplega helmingur afkvæma Trompets er einlitur þar sem mest ber á rauðum litum þó allir litir komi fyrir. Af tvílitum eru huppóttur og skjöldóttur algengastir. Ekki er þekkt að Trompet gefi hyrnd afkvæmi.

Trompet verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Álfur 17045 frá Hjálmholti, Flóa.

F: Dropi 10077, m: Álfadís 787, mf: Laufás 08003

Dætur Álfs eru undir meðallagi hvað mjólkurafköst varðar, hlutfall fitu í mjólk er undir meðallagi en próteinhlutfall aðeins yfir. Þessar kýr eru frekar smáar og meðalháfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er bein og gleið. Júgurgerðin er í tæpu meðallagi. Spenar eru stuttir, hæfilega þykkir en aðeins gleitt settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi en mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa gott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Mikill meirihluti afkvæma Álfs er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum lit. Af grunnlitum koma rauðir, bröndóttir, kolóttir og svartur álíka oft fyrir en gráir fyrirfinnast ekki. Undan Álfi geta komið hyrndir gripir.

Álfur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Óberon 17046 frá Skeiðhólmi 1, Skeiðum.

F: Úranus 10081, m: Mósaík 1036, mf: Skalli 11023

Dætur Óberons eru mjög mjólkurlagnar en fituhlutfall í mjólk er undir meðalagi og próteinhlutfall nokkuð lágt. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, með fremur mikla boldýpt og útlögur og beina yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og fremur gleið.

Júgurgerðin er góð, júgurband áberandi og þau vel borin en fest ekki nema um meðallag. Spenar eru eilítið stuttir, hæfilega þykkir og örlítið útstæðir. Mjaltir eru mjög góðar og lítið um mjaltagalla. Skap meðalgott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Rúmlega helmingur afkvæma Óberons er einlitur þar sem mest ber á kolóttum litum. Af tvílitum eru huppóttur og skjöldóttur algengastir. Ekki er þekkt að Óberon gefi hyrnd afkvæmi.

Óberon verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Ra 17047 frá Káranesi, Kjós.

F: Úranus 10081, m: Flórída 491, mf: Koli 06003

Afurðageta dætra Ra er lítil þar sem þær eru vel undir meðallagi í mjólkurmagni og hlutföll verðefna í mjólk eru lægri en meðaltal. Þetta eru meðalstórar og fremur lágfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með sterka yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er frekar slök, júgurband nokkuð áberandi en festa lítil og þau ekki nógu vel borin. Spenar eru hæfilegir að lengd, aðeins þykkir en nokkuð vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og lítið er um mjaltagalla. Skap þessara kúa er meðalgott og lítið um skapgallaða gripi. Rúmlega helmingur afkvæma Ra er tvílitur þar sem mest ber á húfóttum og krossóttum litum. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Ra gefi hyrnd afkvæmi.

Ra verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Hirðir 17049 frá Hrepphólum, Hrunamannahr.

F: Strákur 10011, m: Sóldögg 845, mf: Baldi 06010

Dætur Hirðis hafa frekar há efnahlutföll í mjólk en afkastageta þeirra er nokkuð undir meðallagi. Þetta eru fremur smáar og lágfættar kýr, með ágæta boldýpt og útlögur en aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð þaklaga. Fótstaða er sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er slök, júgurband ógreinilegt og júgrin vart nógu vel borin. Spenar eru eilítið langir, hæfilega þykkir og allvel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og lítið um mjaltagalla í hópnum. Skap er meðalgott en aðeins ber á skapgöllum. Um tveir þriðju hlutar afkvæma Hirðis er einlitur þar sem mest ber á rauðum og böndóttum grunnlitum þó allir litir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum eru sokkóttur og huppóttur algengastir. Undan Hirði geta komið hyrndir gripir.

Hirðir verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Barón 17050 frá Bryðjuholti, Hrunamannahr.

F: Úlli 10089, m: Dísa 693, mf: Laufás 08003

Dætur Baróns eru mjög mjólkurlagnar en efnahlutföll í mjólk eru undir meðalagi. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, með fremur mikla boldýpt og meðalútlögur og nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en þó aðeins hokin. Júgurgerðin er meðalgóð þar sem júgurband, júgurfasta og júgurkýpt eru í góðu meðallagi. Spenar eru eilítið stuttir, nokkuð hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar sem og skap þessara gripa. Rúmlega helmingur afkvæma Baróns er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af

grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Barón gefi hyrnd afkvæmi.

Barón verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Trutti 17051 frá Birtingaholti 1, Hrunamannahr.

F: Úranus 10081, m: Skessa 1938, mf: Laufás 08003

Dætur Trutta eru tæplega meðalkýr hvað mjólkurmagn snertir en hlutföll verðefna í mjólk eru yfir meðallagi, sérstaklega próteins. Þetta eru mjög stórar og háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er bein, aðeins veik og þröng. Júgurgerðin er meðalgóð, ógreinilegt júgurband, festa í meðallagi en þau ágætlega borin. Spenar eru hæfilega langir, þykkir og mjög gleitt settir. Mjaltir eru góðar og lítið um mjlatagalla í hópnum. Skap þessara kúa er mjög gott og lítið um skapgallaða gripi. Mikill meirihluti afkvæma Trutta er tvílitur þar sem mest ber á krossóttum, huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Trutta geta komið hyrndir gripir.

Trutti verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Snúlli 17054 frá Syðri-Bægisá, Öxnadal.

F: Úlli 10089, m: Stássa 534, mf: Lögur 07047

Dætur Snúlla eru stritlur með hlutfall fitu í mjólk um meðallag en próteinhlutfall er hátt. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr, boldjúpar og útlögugóðar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, aðeins hallandi og nokkuð þaklaga. Fótstaða er fremur þröng. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurband ekki áberandi en þau allvel borin. Spenar eru langir og aðeins grannir en vel settir. Mjaltir eru í meðallagi og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er meðalgott og skapgallaðir gripir fáséðir. Um helmingur afkvæma Snúlla er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Snúlli gefi hyrnd afkvæmi.

Snúlli verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Ítali 17056 frá Stóru-Reykjum, Flóa.

F: Úlli 10089, m: Ítalía 630, mf: Þáttur 08021

Dætur Ítala eru í meðallagi mjólkurlagnar en efnahlutföll í mjólk eru mjög há. Þetta eru meðalstórar og háfættar kýr, með boldýpt og útlögur í meðallagi og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og fremur gleið. Júgurgerðin er mjög góð, þau vel borin með mikla festu en júgurband ekki sérlega áberandi. Spenar eru fremur nettir og vel settir. Mjaltir eru góðar og skapið mjög gott. Mikill meirihluti afkvæma Ítala er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Ítala geta komið hyrndir gripir.

Ítali verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Krókur 17058 frá Þorvaldseyri, Eyjafjöllum.

F: Lúður 10067, m: 1245, mf: Birtingur 05043

Dætur Króks eru stritlur með hátt hlutfall fitu í mjólk en próteinhlutfall í góðu meðallagi. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr, boldjúpar og útlögugóðar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerðin er úrvalsgóð, mikil

júgurfesta, nokkuð áberandi júgurband og mjög vel borin. Spenar eru eilítið langir, hæfilega þykkir og örlítið gleitt settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er gott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Meirihluti afkvæma Króks er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Krókur gefi hyrnd afkvæmi.

Krókur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Ristill 17060 frá Reykjum, Skeiðum.

F: Úlli 10089, m: Ristla 657, mf: Koli 06003

Dætur Ristils eru tæplega meðalkýr hvað mjólkurlagni varðar og hlutfall fitu í mjólk er undir meðallagi en próteinhlutfall fremur hátt. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr, boldjúpar og útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og fremur þaklaga. Fótstaða er bein og þokkalega gleið en veik. Júgurgerðin er slök, júgurfesta undir meðallagi, júgurband nánaast ekki til staðar og þau ekki nógu vel borin. Spenar eru fremur stuttir og grannir og gleitt settir. Mjaltir eru undir meðallagi þó mjaltagallar séu fátíðir. Skap þessara kúa er gott þó aðeins beri á skapgölluðum gripum í hópnum. Mikill meirihluti afkvæma Ristils er tvílitur þar sem mest ber á húfóttum og krossóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Ristli geta komið hyrndir gripir.

Ristill verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Tyrfill 17061 frá Torfum, Eyjafirði.

F: Lúður 10067, m: Malín 882, mf: Bambi 08049

Dætur Tyrfils eru tæplega meðalkýr hvað mjólkurlagni en hlutföll verðefna í mjólk eru mjög há. Þetta eru meðalstórar og frekar háfættar kýr, boldjúpar og útlögugóðar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og aðeins þaklaga. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerðin er undir meðallagi, júgurfesta nálægt meðaltali, júgurband ekki mjög áberandi og þau ekki nógu vel borin. Spenar eru eilítið langir, þykkir og gleitt settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er fremur slæmt og nokkuð um skapgallaða gripi í hópnum. Um helmingur afkvæma Tyrfils er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Tyrfill gefi hyrnd afkvæmi.

Tyrfill verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.